



Sjálfsmatsskýrsla

Varmahlíðarskóla

Vorið 2025

Efnisyfirlit

1. Upplýsingar um stjórnun	4
2. Upplýsingar um nemendafjölda og bekkjardeildir	4
3. Starfsmenn	5
4. Nám og kennsla	6
4.1 Útfærsla viðmiðunarstundaskrár	7
4.2 Frístund	8
4.3 Helstu viðburðir skólaársins	8
5. Skólaráð	9
6. Nemendaráð	10
7. Sjálfsmat	13
7.1 Sjálfsmat-niðurstöður	14

1 Stjórnun

Skólastjóri: Trostan Agnarsson

Aðstoðarskólastjóri: Kristvina Gísladóttir

Netfang: kristvina@varmahlidarskoli.is

Netfang: trostan@varmahlidarskoli.is

Skólanum er skipt eftir skólastigum, yngsta stig, miðstig og unglingastig. Á yngsta stigi er 1.-4. bekkur, 5.-7. bekkur á miðstigi og unglingastigið er 8.-10. bekkur. Á hverju stigi er stigsstjóri. Á yngsta stigs er það Hrund Malín Þorgeirsdóttir, á miðstigi Kristvina Gísladóttir og á unglingastigi er Íris Olga Lúðvíksdóttir leiðtogi.

2. Upplýsingar um nemendafjölda og bekkjardeildir

Í skólabyrjun, haustið 2024, eru 112 nemendur í skólanum.

Skólanum er skipt eftir skólastigum, yngsta stig, miðstig og unglingastig. Á yngsta stigi er 1.-4. bekkur, 5.-7. bekkur á miðstigi og unglingastigið er 8.-10. bekkur. Samkenntla er í 2. og 3. bekk, og 5. og 6. bekk. Skipting hópa getur verið mismunandi í kennslustundum eftir verkefnum og viðfangsefnum og því sem kennarar telja best henta hverju sinni.

Yfirlit yfir bekki, fjölda drengja, stúlkna og umsjónarkennara

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1.	8	5	13	Helga Sjöfn Pétursdóttir
2.	7	2	9	Birgitta Sveinsdóttir

3.	3	2	5	Birgitta Sveinsdóttir
4.	9	6	15	Hrund Malín Þorgeirsdóttir
5.	8	3	11	Helga Sigurðardóttir
6.	3	8	11	Helga Sigurðardóttir
7.	3	12	15	Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
8.	3	7	10	Helga Rós Sigfúsdóttir
9.	8	5	13	Ólafur Atli Sindrason
10.	4	6	10	Ólafur Atli Sindrason
Samtals	56	56	112	

3. Starfsmenn

Við skólann eru starfandi 29 starfsmenn á skólaárinu, auk þeirra er einn starfsmaður í námsleyfi og 2 í fæðingarorlofi. Stjórnendur eru tveir, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sem einnig hefur umsjón með stoðþjónustu. Kennarar með réttindi eru 13 að meðtöldum stjórnendum. Stöðugildi til kennslu eru 12,5. Stuðningsfulltrúar eru fjórir í 3,64 stöðugildum. Skólaliðar eru þrír í 2,2 stöðugildum. Iðjuþjálfari er í 85% starfi, námsráðgjafi í 50% starfi, ritari í 50% starfi, bókavörður í 40% starfi og húsvörður í fullu starfi. Matráðar eru fjórir í 3,13 stöðugildum.

3.1 Listi yfir alla starfsmenn, starfsheiti þeirra og netfang er aðgengilegur á [heimasíðu skólans](#).

4. Nám og kennsla

Náms- og kennsluáætlanir allra námsgreina eru aðgengilegar foreldrum/forsjáraðilum og nemendum í Mentor. Áætlanir eru eftir atvikum settar fram í námslotum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Námsmat í öllum námsgreinum er þannig tengt markmiðum í hverri námsgrein og er matið símat sem fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmat er birt í Mentor

Fjölbreyttar valgreinar eru í boði fyrir nemendur 8.-10. bekkjar. Nemendur eru sex kennslustundir á viku í valgreinum. Velja þarf að minnsta kosti eina verkgrein og eina listgrein en annað val er óbundið. Leitast er við að hafa námsframboð fjölbreytt til að mæta áhuga hvers og eins nemanda eins og kostur er. Nemendum í fullu námi í tónlistarskóla stendur til boða að fá námið metið sem valgrein og einnig er mögulegt að fá æfingar í íþróttagreini metnar sem valgrein að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og samkvæmt samningi sem gerður er.

Eins og fram kemur í aðalnámskrá er tilgangur með valgreinum sá að gefa nemendum færi á því að sökkva sér í hugðarefni sín, að víkka sjóndeildarhringinn og að búa sig undir frekara nám. Gert er ráð fyrir að námið geti verið jafnt bóklegt sem verklegt og á að hafa jafnvægi á framboði. Vitaskuld getur hópastærð valið því hvort unnt er að bjóða upp á valgrein og einnig stýrir áhugi nemenda því að nokkru leyti hvað er í boði. Tíma sem ætlaður er til valgreina má einnig nýta til þess að stunda nám á framhaldsskólastigi en einnig má telja tónlistarnám, þátttöku í íþróttastarfi og starfsnám til valgreina.

Hver nemandi valdi þrjár greinar, árshátíðarval og fjármálalæsi voru þó eingöngu fyrir 10.bekk
Þær greinar sem kenndar voru í vetur voru eftirfarandi:

Haustönn:

Almenn matreiðsla
Árshátíð
Hár, húð og förðun
Hönnun og smíði
Íþróttastarf

Íþróttaval
Málmsmíði
Skólahreysti
Starfsnám
Textíll

Vorönn:

Almenn matreiðsla
Fjármálalæsi
Hreyfing/útivist
Landbúnaður
Leikskólaval
Listasmiðja
Málmsmíði
Skólahreysti
Starfsnám
Tónlistarnám

4.1 Útfærsla viðmiðunarstundaskrár

Miðað er við 40 mínútna kennslustundir að jafnaði. Morgunmatarhlé er 20 mínútur, hádegishlé 30 mínútur. Frímínútur f.h. eru 15 mínútur og þá daga sem viðveran er lengri en til kl. 14:00 eru 10 mínútna frímínútur e.h.

Vikulegur stundafjöldi nemenda eftir bekkjum er sem hér segir:

- 1.-4. bekkur: 31 kennslustundir + 6 stundir samtals í útivist, íþrótt- og tómstundastarfi.
- 5.-7. bekkur: 36 kennslustundir + 1 stund í útivist.
- 8.-10. bekkur: 37 kennslustundir

4.2 Frístund

Frístund Varmahlíðarskóla hóf starfsemi haustið 2019. Frístund er skóladagvist fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Daglegur opnunartími er frá skólalokum til kl. 16:15. Viðverutími í frístund getur verið allt frá einni til tíu klukkustundum á viku. Í Frístund er lögð áhersla á hlýlegt og öruggt umhverfi, frjálsan og skapandi leik og jákvæð og góð samskipti. Stuðningsfulltrúar störfuðu í Frístund, ásamt einum skólaliða en forstöðumaður var Anna Lilja Guðmundsdóttir.

Skráning í Frístund er bindandi samkvæmt [Innritunarreglum fyrir frístund í Skagafirði](#). Hægt er að sækja um vistun fyrir komandi skólaár með rafrænni skráningu að vori eða með því að senda tölvupóst á fristund@vhls.is. Gjöld frístundatíma eru samkvæmt: [Gjaldskrá í grunnskólum Skagafjarðar](#) 2024.

Frístund er opin á starfs- og foreldraviðtalsdögum skólans frá kl. 8:00-16:00. Sérstök skráning fer fram á þessum dögum og eru þeir greiddir sér. Lokað er í jóla- og páskafríum og á fræðsludegi sveitarfélagsins sem haldinn er í ágúst ár hvert. Sífellt fleiri nýta þessa þjónustu og hefur því verið þörf á að bæta við starfsfólki.

4.3

Helstu viðburðir skólaársins

Hreyfidagar í upphafi skólaárs. Þá er hefðbundin dagskrá brotin upp og nemendur kynnast margskonar hreyfingu. Kveikjan er heilsueflandi grunnskóli, skipulag og umsjón hreyfidaga er í höndum heilsueflandi teymis.

Dagur íslenskrar tungu er 16.nóvember. Samkoma skólans í setustofu. Upplestarhátíð hefst formlega. Dagurinn er laugardagur í ár. En samkoma verður í skólanum daginn áður.

Stóra upplestrarkeppni 7. bekkjar hefst formlega á Degi íslenskrar tungu. Nemendur lesa upp í leikskólanum Birkilundi auk þess að flytja dagskrá á Löngumýri í samvinnu við Skagfirska kammerkórinn.

Árshátíð yngri nemenda var haldin 27.mars í Miðgarði. Þar settu yngsta stig og miðstig upp sýninguna Latabæ. Ekki var boðið upp á kaffi eftir sýninguna.

Litlu jólin eru síðasta kennsludag fyrir jólafrí. Nemendur mættu seinna í skólann, um kl.9:00. Flutt var dagskrá og haldin stofujól. Að endingu borða allir saman hangikjöt, laufabrauð og tilheyrandi meðlæti. Síðan hefst hið langþráða jólafrí.

Árshátíð eldri nemenda var haldin um miðjan janúar í Miðgarði. Þar settu nemendur unglingastigs á svið söngleikinn Frelsi. Sýningin var þann 17. janúar 2025. Eftir sýningu var kaffihlaðborð í Varmahlíðarskóla.

Þorrablot er haldið í hádeginu einhvern góðan veðurdag á þorra. Þá er boðið upp á þjóðlegar kræsingar af öllu mögulegu tagi og lagið tekið.

Íþróttamaraðon er liður í fjáröflunarferli 10. bekkjar. Þá stunda elstu nemendur íþróttir í sólarhring. Við upphaf maraþons er samkoma hjá öllum nemendum og starfsfólki skólans þar sem settir eru upp leikir og íþróttakeppnir milli nemenda og jafnvel starfsfólks.

Sveitadagar voru fjórir dagar í maí, þar sem nemendur unnu ýmis sveitaverkefni á sveitabæjum í nágrenni skólans. Verkefnið er unnið í góðri samvinnu við foreldra/forsjáaraðila. Boðið var upp á dagskrá í skólanum tvo þessara daga fyrir nemendur í 1.-4.bekk en sá valmöguleiki var afar lítið nýttur. Nánari lýsingu á sveitadögum má sjá [hér](#).

Skólaslit voru 30. maí. Þau eru haldin í Miðgarði og eru kaffiveitingar á eftir þar.

Aðrir fastir liðir í skólastarfinu eru þátttaka í Skólahreysti, skíðaferðir, vorferðir, skólaferð útskriftarnemenda í 10. bekk og vorhátíð síðasta skóladag nemenda.

5. Skólaráð

Skólaráð starfaði sem undanfarin ár við skólann. Eftirtaldir sátu í ráðinu:

Trostan Agnarsson, Birgitta Sveinsdóttir, Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir, Sirrý Sif Sigurlaugardóttir, Friðrik Logi Haukstein Knútsson, Birna Valdimarsdóttir, Halldór Stefánsson, Gunnar Sigurðsson, Íris Olga Lúðvíksdóttir og Kristvina Gísladóttir.

Ráðið fundaði sex sinnum á árinu til þess að fara yfir ýmis málefni skólasamfélagsins. Fyrsta verk ráðsins að hausti er að fara yfir starfsáætlun og helstu tölur um nemendafjölda, fjölda í frístund og möguleika á tómstundastarfi. Auk þess var rætt um tæknina og nýtingu gervigreindar í skólastarfi og loks um kosti og galla einkunnakerfa.

Á næsta fundi var einkum rætt um endurskoðað greinasvið aðalnámskrár og helstu áherslubreytingar sem fyrirsjáanlegar eru.

Á þriðja fundi skólaársins var rætt um tölur, annars vegar að veruleg þörf væri á viðhaldi skólahúsnæðis og svo var í framhaldi skoðaður samanburður á rekstrarkostnaði skóla á landinu. Þá var og fjallað um nýtingu skýjalausna í skólastarfi og hvernig slíkar tækninýjungar gætu einfaldað daglegt starf.

Á fjórða fundi var rætt um gervigreind og um nemendagrunninn Frigg sem ætlaður er til utanumhalds á skólastarfi fyrir hið opinbera. Þar á að vista öll gögn og að geyma sögu um námsárangur.

Á fimmta fundi var skóladagatal næsta vetrar tekið fyrir og samþykkt. Einnig var farið yfir það hvaða viðhaldi hefur verið sinnt á skólaárinu.

Á sjötta og síðasta fundi vetrar var fjallað um samstarf íþróttafélaga um íþróttæfingar og í framhaldi var rætt um sýnileika skólastarfs í samfélaginu.

Fundargerðir skólaráðs má nálgast á heimasíðu Varmahlíðarskóla.

6. Nemendaráð

Við skólann starfaði nemendafélag og fer nemendaráð með stjórnun þess.

Eftirtaldir nemendur skipuðu nemendaráð 2023-2024:

10. bekkur, formaður nemendaráðs: Arnar Logi Róbertsson

Til vara er Ævar Sigurðsson

9. bekkur: Haraldur Hjalti Laufeyjarson Bjarnason og Sigurbjörg Inga Sigfúsdóttir til vara

8. bekkur: Edda Björg Einarsdóttir til vara Ingibjörg Agnarsdóttir

7. bekkur: Lilja Stefánsdóttir til vara Hrólfur Leví Traustason

6. bekkur: Emma Mjöll Jóhannesdóttir til vara Alina Leblanc Gurung

Hlutverk nemendaráðs er að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Nemendaráð kemur að skipulagningu félagsmála nemenda, ásamt því að vera fulltrúar og tengiliðir bekkja sinna og koma hugmyndum og áhyggjuefnum nemenda á framfæri.

Með nemendaráði starfaði skólastjóri á árinu og skipulagði með því viðburði og samkomur skólans sem haldnar voru

7. Sjálfsmat

Í Varmahlíðarskóla er skólastarfið metið samkvæmt skoska sjálfsmatskerfinu *How Good is Our School* sem ber heitið *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* í íslenskri þýðingu. Áætlun um sjálfsmat er gerð til þriggja ára í senn. Sú áætlun getur tekið breytingum á tímabilinu þar sem aðstæður geta kallað á breyttar áherslur. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í matinu. Nemendur og foreldrar hafa einnig verið virkjaðir til þátttöku í mati á skólastarfi með aðferðum Gæðagreina og taka með þeim hætti virkan þátt í mótun skólastarfs eins og skólastefna sveitarfélagsins kveður á um. Á hverju skólaári eru einnig lagðar fyrir kannanir Skólapúlsins sem styðja við sjálfsmat skólans. Kannanir skólapúlsins eru lagðar fyrir foreldra, nemendur, kennara og starfsmenn eftir ákveðnu fyrirkomulagi. Niðurstöður Skólapúlsins gefa góðar vísbendingar um skólastarfið.

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr skoska sjálfsmatsefninu eru merktir með bláum, grænum og appelsínugulum lit. Gæðagreinar sem búnir hafa verið til sérstaklega eru merktir með gulum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær ýmsar kannanir eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Sjálfsmatsáætlun Varmahlíðarskóla 2025-2028 Sjálfsmatsáætlun Varmahlíðarskóla 2025-2028

Skólaár	2025-2026	Þátttakendur	2026-2027	Þátttakendur	2027-2028	Þátttakendur
Haustönn						
september	2.4 Einstaklingsmiðun	Kennarar	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	Allir starfsmenn	3.1 Velferð jafnrétti og skóli án aðgreiningar/ Jafnréttisgæðagreinar	Allir starfsmenn

Skólaár	2025-2026	Þátttakendur	2026-2027	Þátttakendur	2027-2028	Þátttakendur
október	2.3 Nám, kennsla og námsmat	Kennarar	2.3 Nám kennsla og námsmat	Kennarar	2.3 Nám, kennsla og námsmat	Kennarar
október	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Nemendur 6. -10. bekkja	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Nemendur 6. -10. bekkja	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Nemendur 6. -10. bekkja
nóvember	2.5 Samstarf heimila og skóla (breytt heiti)	Allir starfsmenn	1.2 Forysta í skólastarfi	Allir starfsmenn	3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	Allir starfsmenn
desember	2.6 Samfella í skólastarfi	Allir starfsmenn	2.1 Nemendavernd	Allir starfsmenn	3.3 Sköpun og starfshæfni	Allir starfsmenn
nóvember	Olweusarkönnun	Nemendur 5.-10. bekkja	Olweusarkönnun	Nemendur 5.-10. bekkja	Olweusarkönnun	Nemendur 5.-10. bekkja
Vorönn						

Skólaár	2025-2026	Þátttakendur	2026-2027	Þátttakendur	2027-2028	Þátttakendur
janúar	2.2 Skólanámskrá	Kennarar	1.3 Breytingastjórnun	Allir starfsmenn	2.7 Samstarf	Allir starfsmenn
febrúar	1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	Allir starfsmenn	1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	Allir starfsmenn	Olweusargæðagreinir	Allir starfsmenn
febrúar			Skólapúlsinn foreldrar	Úrtak foreldra	4.2 Upplýsinga og tæknimál	
mars	Skólapúlsinn starfsmenn	Allir starfsmenn			Skólapúlsinn starfsmenn	Allir starfsmenn
aprí	Upplýsinga- og tæknimál - gæðagreinir	Allir starfsmenn			Mötuneytisgæðagreinar	Allir starfsmenn
maí	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatshópur	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatshópur	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatshópur
júní						

7.1 Sjálfsmat-niðurstöður og umbótaáætlun

Þeir þættir sem kannaðir voru þeir sem sjá má hér að neðan. Gefin var einkunn fyrir hvern þátt á skalanum 1-6 og er einkunnin sett fyrir aftan. Starfsmenn unnu að verkefninu í hópum. Ræddu spurningar um efnið og gáfu eina einkunn fyrir hverja spurningu og bætt svo inn athugasemdum eða ábendingum eftir því sem við átti.

3.1 Velferð og jafnrétti-4

2.3 Nám, kennsla og námsmat-4

3.2 Betri frammistaða-4

3.3. Sköpun og starfshæfni-5

2.7 Samstarf- 4

4.2 Tæknimál-5

Hér á eftir er samantekt á helstu ábendingum.

Þáttur	Ábendingar	Hugsanlegar aðgerðir	Samantekt hvers þátar	Tímarammi
Betri frammistaða	Samstaða, samræming, samhæfing aðgerða er ekki nægjanlega	Yfirferðarfundir og utanumhald nemenda sem þurfa sérstakan stuðning og hins almenna nemanda		Þarf að fá fastan tíma í vikuskipulagi. 2x á önn og eftir þörfum.
Betri frammistaða	Að nýta betur niðurstöður úr námsmati til umbóta.		Vantar meira samráð og að taka tíma til þess að rýna	Á stigsfundum, 1x í mánuði.

			í niðurstöður til þess að ákveða næstu skref.	
Velferð og jafnrétti	Samskipti nemenda og starfsfólks og samræmd viðbrögð þegar bregður út af hinu daglega.	Samræmd uppeldisstefna		Athuga með kerfi sem notað er í Breiðholtsskóla og að bera saman við fleiri kerfi. Mikilvægt að styðjast við það sem hefur verið rannsakað og sýnir árangur.
Velferð og jafnrétti	Það getur verið erfitt að starfa eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar.		Mikilvægi þess að muna að við erum alltaf fyrirmyndir og þær þurfa að vera jákvæðar.	
Nám og kennsla	Endurgjöf til nemenda er ekki nógu stöðug og jöfn.	Föst viðmið sett um hversu oft endurgjöf á að fara fram		
Nám og kennsla	Námsmat mætti vera fjölbreyttara.	Að setja viðmið um lágmarksfjölda		

		námsmatsleiða í hverri grein.		
	faglega samráðsfundi vantar oft.	Fastsettir fundir		
Nám og kennsla	Meiri samræmingu um ytri ramma.		Tími til samráðs og ákvörðun tekin um ramma sem fylgja þarf. Námsmat órjúfanlegur þáttur af daglegu starfi og mótari leiðina áfram.	

7.2 Skólapúls og Íslenska æskulýðsrannsóknin

Könnun var lögð fyrir nemendur í 6-10.bekk (skólapúls) og fyrir nemendur í 4.-10. b. (Íslenska æskulýðsrannsóknin)

Hér má sjá samantekt úr þeim:

Könnun sú sem lögð var fyrir nemendur í 6.-10.bekk að hausti og kallast Skólapúlsinn mælir einkum þrjá þætti, virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu og í þriðja lagi skóla- og bekkjaranda. Þátttaka í könnuninni var góð og að því leyti má telja að niðurstöðurnar séu marktækar. Niðurstöður sýna annars vegar þróun innan skólans á milli ára og svo er einnig samanburður við landið og má því sjá hvort sveiflur, ef einhverjar verða, eru einkum áberandi innan skólans eða hvort það er almennt.

Um niðurstöðurnar í fyrsta kafla er það helst að segja að ánægja nemenda af lestri hefur aukist nokkuð og er meiri en á landsvísu. Þá er þrautseigja nemenda einnig meiri en á landsvísu. Áhugi á stærðfræði er einnig ofurlítið yfir landsmeðaltali en áhugi á náttúrfræði er minni en á landsvísu. Nemendur hafa ívið minni trú á eigin námsgetu en í síðustu mælingu og mælast nú undir landsmeðaltali sem má segja að sé í nokkurri mótsögn við að þeir hafi meiri þrautseigju en á landsvísu. Þó ber þess að geta að þarna er ekki verulegur munur á tölum og munur því varla marktækur.

Í kaflanum um líðan og heilsu er einkum tvennt eftirtektarvert. Þar kemur fram að tíðni eineltis er minni en árið á undan og mælist nokkuð undir landsmeðaltali. Einnig er meiri ánægja með matinn en gengur og gerist á landsvísu.

Þriðji kaflinn er á fremur jákvæðum nótum. Þar er fjallað um skóla- og bekkjaranda. Allir þættir mælast þar yfir landsmeðaltali. Allir þættir lækka þó lítillega frá síðustu mælingu, en það er hlutinn um aga í tímum, sem samkvæmt mælingu er mun meiri en á landsvísu.

Til samanburðar er fróðlegt að skoða svipaða þætti sem kannaðir voru í Íslensku æskulýðsrannsókninni á vorönn. Eldri nemendur eru þeir sem eru í 6.-10.bekk en yngri eru í 4. og 5.bekk.

Þar má sjá að eldri nemendur skólans telja það mikilvægt að leggja sig fram í námi, eða um 94 % sem er yfir landsmeðaltali, en hjá yngri nemendum er talan 78% og er undir landsmeðaltali.

Það er í samræmi við niðurstöður um þrautseigju nemenda.

Næst er það lestur. Lestaráhugi nemenda hefur aukist nokkuð og lesa nemendur almennt meira af flestum tegundum bóka en í fyrri mælingu. Lesturinn mælist þó enn undir landsmeðaltali í heild. Ekki var spurt sérstaklega um aðrar greinar og er því ekki hægt að birta samanburð um þær.

Í spurningflokki um heilsu og líðan má sjá að nemendum líður vel í frímínútum og þeir geta fundið einhvern fullorðinn í skólanum til þess að tala við. Þeir þættir mælast yfir landsmeðaltali í báðum aldurshópum. Færri eru einmana í skólanum en landsmeðaltal segir til um, eða 6% í Varmahlíðarskóla en 11 % annars staðar á landinu. Nokkuð er um að nemendur komi þreyttir til skóla eða 23% yngri nemenda, sem er nærri landsmeðaltali en um 28% eldri nemenda sem er undir landsmeðaltali sem þar er 35%.

Í þriðja hlutanum má sjá að nemendur segjast almennt hafa góðan vinnufrið í kennslustundum í báðum aldurshópum og virðist það styðja fyrri mælingu um aga í tímum. Einnig kemur þar fram að nemendur í báðum aldurshópum treysta starfsfólki skólans almennt vel og geta fundið þar einhvern til þess að tala við þegar þörf er á.

Til þess að rýna nánar í niðurstöðurnar má fletta þeim upp hér:

[Skólapúlsinn](#)

[Íslenska æskulýðsrannsóknin](#)

